

Framkvæmdarannsókn á Vegamótastíg 7-9



Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS648-17071
Reykjavík 2017





Forsíðumynd sýnir gröfu við vinnu á Vegamótastíg 7-9 eftir að búið er að grafa niður á klöpp. Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.

Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Framkvæmd.....	4
Niðurstöður.....	6
Heimildaskrá.....	6


Inngangur

Á lóð Vegamótastígs 7-9 eru fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir á komandi mánuðum. Á byggingareitnum eru heimildir um fornleifar sem taka þarf tillit til við framkvæmdirnar og því nauðsynlegt að fornleifafræðingur hafi eftirlit með svæðinu á meðan á framkvæmdum stendur.¹ Á lóðinni stóð áður torfbærinn Efri-Vegamót, þriggja bursta bær, sem var virtur til brunabóta 13. nóv 1875. Árið 1883 var bærinn í lélegu ástandi og var hann því rifinn. Í stað torfbæjarins var byggt steinhús með kjallara. Það hús var rífið á árunum 1960-70.² Því mátti búast við því að einhverjar fornleifar gætu komið upp við framkvæmdirnar á reitnum. Áður en fornleifafræðingur kom á staðinn hafði húsið við Vegamótastíg 9 verið fjarlægð.

Víkuna 20.-24. febrúar 2017 fór fram eftirlit vegna framkvæmda við Vegamótastíg undir stjórn Lilju Laufeyjar Davíðsdóttur, fornleifafræðings, í þeim tilgangi að kanna hvort einhverjar fornminjar væru til staðar á reitnum. Ef svo væri þyrfti að stöðva framkvæmdir til þess að rannsaka þær nánar.

Framkvæmd

Vélgrafa var notuð til þess að fjarlægja jarðveg og landfyllingu á reitnum. Reiturinn er 25 x 19 m að stærð og nær yfir lóðir Vegamótastígs 7-9, á horni Vegamótastígs og Grettisgötu. Vitað var að nokkuð stutt var niður á klöpp á þessu svæði.



Mynd 1. Staðsetning framkvæmdareits á Vegamótastíg

¹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2017, 1

² Anna Líska Guðmundsdóttir, 2017, 1

Byrjað var að grafa þar sem torfbær og steinhús Efri-Vegamóta stóðu en bærinn er sýndur á korti eftir Benedikt Gröndal frá árinu 1876. Þar er bærinn sýndur þar sem nú er Vegamótastígur 7 (sjá mynd 2)³. Búist var við því að finna kjallara steinhússins, jafnvel viðarleifar og annað rusl úr húsinu en það var rífið árið 1960-70.



Mynd 2. Korti frá 1876 varpað ofan á nýlegt götukort af svæðinu. Efri Vegamót eru merkt með rauðum punkti en aðrar skráðar fornleifar eru með svörtum punkti.

Við eftirlitið kom í ljós að engin ummerki um fornleifar voru á svæðinu, hvorki eftir torfbæinn né steinhúsið. Eins og búist var við var mjög stutt niður í klöpp eða einungis 0,5 – 1 m. Eftirlit var haft með öllu svæðinu á meðan það var grafið en það sama var uppi á teningnum allstaðar innan reitsins. Þar voru engin ummerki um fornleifar. Aðflutt landfylling var eini jarðvegurinn á svæðinu og engin merki um óhreyfðan jarðveg. Nokkuð dýpra var niður á klöppina á horni Vegamótastígs og Grettisgötu, þar sem húsið við Vegamótastíg 9 stóð, eða allt að 1,5 m.

Í horninu við Grettisgötu 3 var lítill grasbali og þar var moldarjarðvegur með smávegis steinkolum. Jarðvegurinn var mjög blandaður og rótaður með mjög lítilli mannvist.

³ Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2017, 1.



Mynd 3. Búið að grafa fram klöppina á Vegamótastíg 7.



Mynd 4. Það var mjög stutt niður í klöppina við Vegamótastíg 7, aðeins 0,5 – 1 m.



Mynd 5. Grasflöturinn við Grettisgötu 3 grafinn fram.



Mynd 6. Smávegis leifar af steinkolum sáust í jarðveginum. Mjög blandaður og rótaður jarðvegur.

Niðurstöður

Engar fornleifar komu í ljós á reitnum við eftirlitið. Heimildir voru um steinhús með kjallara á Vegamótastíg 7 en engar leifar af kjallaranum voru sjáanlegar á svæðinu. Engin ruslalög né brak úr húsinu var heldur að finna á svæðinu. Öllum ummerkjum um húsið og kjallarann hefur verið rutt í burtu þegar húsið var rífið um 1960-70 enda eru engin ummerki um upprunanlegann jarðveg á svæðinu, aðeins landfyllingu.

Sömu sögu var að segja um önnur svæði á reitnum, þar voru engar fornleifar og aðeins merki um landfyllingu, aðfluttan jarðveg eða mjög blandaðan og rótaðan jarðveg. Eina ummerki um mannvistarlög var að finna vestan Grettisgötu 3, á grasbala en þar voru blönduð og rótuð mannvistarlög með smávegis af steinkolum.

Heimildaskrá

Anna Lína Guðmundsdóttir (2017). *Vegna: Vegamótastígs 7*. Bréf dagsett 3. janúar 2017.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir (2017) Efni: Vegamótastígur 7-9. Bréf MÍ20171-0021, dagsett 23. janúar 2017.